

Skátaaðferðin



Skátastarf er skemmtilegt
ævintýri með skýr uppeldismarkmið


Skátarnir




Skátastarf – leiðtogaþjálfun í verki

Skátahreyfingin er fyrst og fremst uppeldishreyfing. Ungt fólk sem tekur þátt í markvissu skátastarfi öðlast sjálfstæði og ábyrgð og býr sig þannig undir að verða „leiðtogar í eigin lífi“.

- Sjálfstæði felur í sér hæfileikann til að taka afstöðu og sýna framtak.
- Ábyrgð merkir það að hugsa ekki aðeins um eigin þarfir og langanir og setja sig í spor annarra. Ævintýrið og gamanið sem einkennir skátastarf eru leiðir sem þjóna uppeldis- og menntunarmarkmiðum skátahreyfingarinnar.

Skátastarf byggist á hugmyndinni um sjálfsmenntun og sjálfsuppeldi. Í sjálfsmenntun felst hugmyndin um „menntun innan frá“, sem andstæðu við „kennslu utan frá“. Skátinn er lykilþátttakandi í menntuninni, – hann sjálfur er „kennarinn“. Skátaaðferðinni er ætlað er að leiða og hvetja skátann á þeirri braut að verða öflugur en jafnframt heilsteypur einstaklingur. Sjálfsmenntunin er stigvaxandi, í takti við aldur og þroska skátans. Fullorðnir skátaforingjar eru leiðtogar skátanna og sjá til þess að öryggis sé gætt og að starf unga fólksins sé í samræmi við markmið skátahreyfingarinnar.



Skátaaðferðin

Myndin sýnir hvernig allir þættir skátaaðferðarinnar mynda eina heild, til einföldunar má skipta þeim upp í **Hverjir? – Hvað? – Hvernig?**

Hverjir?

Fullorðnir foringjar og ungu skátarnir

Efst á myndinni (norður á áttavitanum) eru ungu skátarnir og neðst (suður) eru foringjarnir sem eru fullorðnir sjálfbóðaliðar á ýmsum aldri. Örvanar tákna gagnvirk samband þeirra á milli.

Hvað?

Verkefnin og markmiðin

Verkefnin eru vinstra megin (vestur) og markmiðin hægra megin (austur). Þau eru tengd saman með örvum sem sýna sambandið á milli þeirra.

Skátastarf er „skemmtilegt ævintýri með skýr uppeldismarkmið“. Fyrir ungmennin er skátastarf skemmtilegt ævintýri með áhugaverðum verkefnum, en hlutverk hinna fullorðnu er að sjá til þess að ævintýrið veiti skátunum tækifæri til að vaxa og þroskast. Það er gert með því að styðja við lýðræðisuppeldi skátanna og með sívaxandi virkni, sjálfstæði og ábyrgð þeirra við undirbúning, framkvæmd og mat á verkefnunum – til þess að þeir læri af reynslunni. Þess vegna getur skátastarf ekki verið skipulagt fyrirfram í smáatriðum. Ef svo væri færi lítið fyrir uppeldismarkmiðum skátahreyfingarinnar.



Skátahreyfingin hefur skilgreint sex uppeldismarkmið fyrir skátana:

- Heilbrigði og hollusta (líkamsþroski)
- Skynsemi og sköpunarþrá (vitsmunabroski)
- Vilji og persónuleiki (persónubroski)
- Tilfinningar og skoðanir (tilfinningabroski)
- Vinir og samfélag (félagsþroski)
- Lífsgildi og tilgangur lífsins (andlegur þroski)

Verkefni í skátastarfi eru unnin bæði úti við og innandyrna eftir efnun og aðstæðum. Aðalatriðið er að skátarnir sjálfir taki virkan þátt í að velja, undirbúa, framkvæma og meta verkefnið í samræmi við aldur og þroska. Mikilvægt er að rugla ekki saman markmiðum og leiðum í skátastarfi og sér í lagi að gæta þess að leiðirnar verði ekki að markmiðum. Það er ekki beint samband milli einstakra verkefna sem unnin eru í skátastarfinu og uppeldismarkmiðanna.



Hverjir? Hvað? Hvernig?

Hvernig?

Skátalögin og skátaheitið

Skátalögin eru leiðarljós og siðferðileg lífsgildi fyrir hvern einstakan skáta og skátahreyfinguna í heild. Með skátaheitinu lofar skátinn sjálfum sér að gera sitt besta til að lifa samkvæmt skátalögnum. Að vinna skátaheitið er fyrsta táknræna skrefið í sjálfsmenntun skátans.

Flokkakerfið

Skátaflokkurinn er grunneining í skátastarfi. Flokkinn mynda fimm til átta skátar sem eru jafningjar og einn af þeim er valinn flokksforingi. Flokkakerfið byggir á eðlislægri tilhneigingu ungs fólks til að mynda litla vinahópa og er þannig farvegur fyrir uppbyggjandi jafningjaáhrif. Í flokknum eflist hver skáti og allur hópurinn í senn. Innan flokksins þróast lýðræðisleg hugsun, samkennd og samvinna.

Táknræn umgjörð

Tilgangurinn með táknrænni umgjörð er að ýta undir ímyndunarafl barna og ungs fólks, ævintýraþrá, sköpun og hugvit á þann hátt sem örvar þroska þeirra. Fjölbreytt táknræn sögusvið og fyrirmyndir höfða til mismunandi aldurstiga. Nafnið „skáti“ er tilvísun í táknræna umgjörð skátastarfs. Orðið „skáti“ er hljóðmynd enska orðsins scout sem merkir könnuður. Í skátastarfi kanna skátarnir ný svið og nema nýjar lendur í góðra vina hópi.



Útilíf og umhverfisvernd

Með náttúru átt við náttúrulegt umhverfi, móa, mýrar, fjörur, fjöll og kletta, andstæðuna við þéttbýli og annað manngert umhverfi. Náttúran býður upp á fjölbreytilega möguleika fyrir líkamlegan, vitsmunalegan, tilfinningalegan, persónulegan, félagslegan og andlegan þroska og er því ákjósanlegur vettvangur fyrir skátastarf.

Leikir og reynslunám

Reynslunám er andstæðan við formlega kennslu. Reynslunám verður til þegar þátttaka og upplifun leiðir til aukins þroska. Skátastarfið byggir á því að læra í gegnum leik, reynslu og upplifun. Reynslunám er þroskandi ef skátinn leggur mat á eigin reynslu.

Hjálpsemi og samfélagsþátttaka

Hjálpsemi er í hugum flestra nátengd skátum og skátastarfi. Hún er hin sýnilega leið til að vinna að tilgangi skátastarfs í heiminum með því „að gera heiminn betri“. Bæði skátaflokkar og skátasveitir vinna að margs konar verkefnum sem flokkast undir samfélagsþátttöku – að sjálfsögðu í samræmi við aldur og þroska skátanna.



Skátastarfið sjálft

Skátar starfa í skátaflokkum og skátasveitum. Í hverjum flokki eru fimm til átta skátar og tveir til fimm skátaflokkar mynda skátasveit. Hverja skátasveit leiða sveitarfóringjar sem eru fullorðnir sjálfboðaliðar.

Í skátastarfi er lögð áhersla á að treysta skátunum og efla sjálfstraust þeirra til að stuðla að sjálfsnámi. Traustið er innsiglað með því að nota flokkakerfið og veita flokkunum svigrúm til að þróast á eigin spýtur og eflast af starfi sínu. Helsta hlutverk skátasveitanna er að hafa umsjón með og styrkja flokkakerfið og stuðla að sjálfstæði skátaflokkanna.

Starfið í skátasveitinni er í rauninni allt það sem gerist í skátaflokkunum og sveitinni sem heild. Skátasveitin er lítið samfélag sem samanstendur af ungu fólki og fullorðnu skátafóringjunum. Þegar góður andi ríkir í sveitarstarfinu og tekið er tillit til þarfa og áhuga allra, leggur hver og einn sitt af mörkum til að starfið gangi vel.



Skátaflokkarnir hittast hver fyrir sig vikulega og fara mánaðarlega í einhvers konar „ferð“ á eigin vegum. Það er æskilegt að skátasveitin komi öll saman á sveitarfundum einu sinni í mánuði og að einhvers konar viðburður utan skátaheimilisins sé auk þess á dagskrá sveitarinnar mánaðarlega. Slíkir viðburðir geta verið helgarútilegur, dagsferðir, vettvangsheimsóknir, póstaleikir – allt eftir aldri, þroska og áhuga. Hugmyndir að slíkum viðburðum koma frá skátunum sjálfum, eru kynntar af skátaflokkunum á sameiginlegum fundum í sveitinni og ákveðnar á lýðræðislegan hátt af öllum skátunum í sveitinni á sveitarþingi við undirbúning hvers dagskrárhings, sem nær yfir 2-4 mánuði. Á sveitarfundunum eru gjarnan einhver fræðsluverkefni, farið í leiki, sungið og fluttir stuttir leikþættir þar sem einstakir skátar og skátaflokkar fá tækifæri til að koma fram. Allt er þetta liður í lýðræðisuppeldi skátahreyfingarinnar.

Sveitarráðið, undir stjórn sveitarföngjanna er ábyrgt fyrir undirbúningi, framkvæmd og mati á hverju verkefni fyrir sig og starfinu í heild. Sveitarráðið er myndað af sveitarföngjunum ásamt flokksföngjum og aðstoðarflokksföngjum allra flokka í sveitinni. Sveitarráðið fundar oftast hálfmánaðarlega. Sveitarráðið hefur tvíþætt hlutverk. Annars vegar að stjórna og hins vegar að sjá um leiðtogaþjálfun fyrir flokksföngja og aðstoðarflokksföngja. Sveitarfönginn og aðstoðarsveitarföngjarnir eru allir fullorðnir sjálfbóðaliðar.



Æskilegt er að það sé einn fullorðinn sjálfbóðaliði fyrir hverja átta til tíu skáta í sveitinni. Upplagt er að vinahópur, jafnvel tvenn hjón eða sambýlisfólk, sæki Gilwell-leiðtogaþjálfun skátahreyfingarinnar og taki svo að sér að leiða skátasveit í tvö til þrjú ár. Ef skátarnir í sveitinni eru af báðum kynjum er mikilvægt að sveitarföngjarnir séu það líka.

Skátastarf fer fram á fimm aldurstigum samkvæmt starfsgrunni sem gefinn er út af Bandalagi íslenskra skáta (BÍS).

Drekaskátar (7-9 ára)

Fálkaskátar (10-12 ára)

Dróttaskátar (13-15 ára)

Rekkaskátar (16-18 ára)

Róverskátar (19-22 ára)

Skátarnir á hverju aldurstigi mynda skátaflokka og skátasveitir. Drekaskátar starfa í skátasveitum, en ekki í skátaflokkum. Skátafélög eru stöðir sem skapa aðstæður fyrir starf skátasveita og skátaflokka. Starfsgrunnur íslenskra skáta fyrir 7-22 ára börn og ungmenni byggist á handbókum sem gefnar eru út af WOSM -alþjóðasamtökum skáta. Hann lýsir því hvernig skátastarf þarf að vera til að standa undir nafni. Starfsgrunnur skáta samræmist einnig Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 1989 sem Alþingi lögfesti 20. febrúar 2013.

Skátaaðferðinni er ætlað er að leiða og hvetja skátann á þeirri braut að verða öflugur en jafnframt heilsteyptur einstaklingur. Sjálfsmenntunin er stigvaxandi, í takti við aldur og þroska skátans.

Fullorðnir skátaforingjar eru leiðtogar skátanna og sjá til þess að öryggis sé gætt og að starf unga fólksins sé í samræmi við markmið skátahreyfingarinnar.

